

Ársskýrsla


2017-2018






Félagið í hnotskurn

Seld gjafabréf orlofssjóðs 2017



Starfandi félagsmenn eftir kyni




Félagsmenn á
höfuðborgar-
svæðinu eru 2.998

Félagsmenn á
landsbyggðinni
eru 968


Útleigur
orlofshúsa og
íbúða 1.341

Félagsmenn Fíh
eru 4.002


Aldursskipting starfandi félagsmanna



Starfandi félagsmenn eftir búsetu



Fjöldi starfandi félagsmanna





Pura B. Hreinsdóttir, Helga Bragadóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Anna María Þórðardóttir, Arndís Jónsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir, Guðbjörg Pálsdóttir formaður Fíh og Dána Dröfn Heiðarsdóttir.

Störf stjórnar

Starfsár stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) hefur verið fjölbreytt og áhugavert. Haldnir voru 9 stjórnarfundir og eru fundargerðir stjórnar aðgengilegar á vefsvæði Fíh. Félagsmenn, sem greiddu félagsgjöld á árinu 2017, voru rúmlega 3200 og fjölgaði þeim um tæp 2, % á milli ára. Áherslupunktur starfsáætlunar stjórnar, sem lögð var fram á aðalfundi félagsins 2017, voru fyrst og fremst erfiðleikar við að manna stöður hjúkrunarfræðinga, eftirfylgd með skýrslu um vinnumarkað hjúkrunarfræðinga og fjölgun starfandi hjúkrunarfræðinga.

Í febrúar 2017 gaf Fíh út skýrslu um vinnumarkað hjúkrunarfræðinga. Skýrslan sýndi sláandi niðurstöður en samkvæmt henni vantar rúmlega 400 hjúkrunarfræðinga til starfa. Því miður hefur lítið verið aðhafst í kjölfarið á þessari skýrslu af hálfu stjórnvalda. Í október 2017 gaf síðan Ríkisendurskoðun út skýrsluna Hjúkrunarfræðingar, mönnun, menntun og starfsumhverfi en hún tekur

á skorti á hjúkrunarfræðingum og áhrifum hans á heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Í niðurstöðunum er bent á að móta þurfi stefnu og áætlun vegna stöðu hjúkrunar. Ljóst er að hér þarf samstillt átak margra hagsmunaaðila til að bæta núverandi stöðu.

Félagsmenn eru bundnir gerðardómi fram í mars 2019 og því hefur megináhersla verið lögð á að fylgja eftir endurnýjun

stofnanasamninga við samningsaðila. Vinnan hefur ekki gengið eins vel og vonir stóðu til en ákveðinn árangur þó náðst með Landspítala í tengslum við endurnýjun á stofnanasamningum. Aðrar stofnanir hafa ekki verið til viðræðu um endurskoðun á stofnanasamningi að þessu leyti en þær bera fyrir sig fjárskorti, því að ekki hafi fylgt fjármagn með gerðardómi sem unnt er að nýta til endurskoðunar stofnanasamninga.

Ljóst er að félagsmenn nýta sér þjónustu kjara- og réttindasviðs í mjög auknum mæli. Þar sem sviðið annar ekki þeim verkefnum sem þar eru hefur stjórnin ákveðið að styrkja starfsemina enn frekar og ráða inn nýjan starfsmann.

Haustið 2017 lét félagið gera könnun meðal starfandi hjúkrunarfræðinga um viðhorf þeirra til starfsins, starfsánægju, vinnuumhverfis og aðbúnaðar í starfi. Niðurstöðurnar komu ekki á óvart. Þær eru tölfraðilega marktækar og því mikilvægar í baráttu félagsins fyrir bættu starfsumhverfi og kjörum hjúkrunarfræðinga. Þessar niðurstöður, ásamt skýrslunni um vinnumarkað hjúkrunarfræðinga og skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2017, eiga eftir að nýtast félaginu vel í frekari baráttu fyrir bættum kjörum og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga.

Farin var hringferð um landið undir yfirskriftinni „**Við hlustum á þig**“ þar sem formaður og sviðsstjórar fagsviðs

og kjara- og réttindasviðs heimsóttu hjúkrunarfræðinga á öllu landinu og áttu góðar samræður við þá. Mikilvægi þess verkefnis er ótvírætt. Þar skapaðist vettvangur til að skiptast á upplýsingum og ræða mikilvæg málefni hjúkrunarfræðinga og er stjórn ljóst að þetta þarf að verða reglubundinn liður í starfsemi félagsins.

Ráðstefna **Hjúkrun 2017; Fram í sviðsljósið** var haldin í september. Dagskráin var fjölbreytt og endurspeglaði góð þátttaka áhuga hjúkrunarfræðinga á málefnum hjúkrunar. Efnisvalið var margvíslegt og ánægjulegt að sjá þá miklu fjölbreytni sem er í íslenskum hjúkrunarrannsóknunum í dag. Málþing um starfsumhverfi, álag í starfi og laun og kjör hjúkrunarfræðinga var haldið á árinu. Málþingið var mjög vel sótt auk þess sem því var streymt á Facebook sem er nýjung.

Stjórnin leggur áherslu á aukin samskipti við nemendafélög hjúkrunarfræðideilda háskólanna. Fulltrúar nemendafélaganna hafa komið á fund stjórnar og hitt formann að máli til að ræða ýmis málefni er varða nemendur og samstarf þeirra við félagið. Ljóst er að full þörf er á reglulegum fundum stjórnar Fíh og fulltrúa nemenda í framtíðinni.

Félagið hefur tekið þátt í #metoo-byltingunni og skrifaði formaður undir viljayfirlýsingu vegna hennar, fyrir hönd félagsmanna. Skýrst hefur hlutverk

stéttarfélaga í kjölfar byltingarinnar og verða útbúnir verkferlar sem félagið mun hafa til að styðjast við ef slík mál koma á borð þess. Siðaráð og siða- og sáttanefnd vinna nú að slíkum ferlum fyrir hönd félagsins. Jafnframt verður sett fram viðbragðsáætlun fyrir skrifstofu félagsins og með trúnaðarmönnum Fíh vegna þessa.

Karlkynshjúkrunarfræðingar hér á landi eru einungis um 2% af stéttinni og er það eitt lægsta hlutfall karla í hjúkrun á öllum Vesturlöndum. Ekki hefur tekist að fjölga karlmönnum í stéttinni þrátt fyrir ýmsar aðgerðir. Stjórnin ákvað að taka þátt í átaki um fjölgun karlmanna í hjúkrun. Átakið er unnið í samvinnu við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri og er Jafnréttisstofa upplýst um málið. Um er að ræða 5 ára verkefni þar sem félagið mun borga skólagjöld fyrir karlmenn í lok hvers skólaárs sem þeir ljúka út námstímann. Jafnframt mun það greiða skólagjöld þeirra karlmanna sem þegar hafa hafið nám í hjúkrunarfræði en hafa ekki lokið því. Telur stjórnin að tímabært sé að leita nýrra leiða við fjölgun karlmanna í stéttinni og eru dæmi um að fjárhagslegur hvati hafi virkað til að jafna betur kynjahlutfall innan fagstétta.

Fundargerðir stjórnar



Fagleg mál

Fag- og landsvæðadeildir

Samkvæmt lögum félagsins er félagsmönnum, að lágmarki 25, heimilt að stofna deild tengda fagsviði eða landsvæði. Landsvæðadeildir koma í stað svæðisdeildanna sem lagðar voru niður með lagabreytingu árið 2016.

Innan félagsins eru starfandi 24 fagdeildir. Á starfsárinu voru stofnaðar þrjár nýjar fagdeildir. Þær eru fagdeild bæklunarhjúkrunarfræðinga, fagdeild sérfræðinga í hjúkrun og fagdeild vísindarannsækenda. Fagdeildir starfa á landsvísu og er hlutverk þeirra m.a. að vinna að framgangi hjúkrunar á viðkomandi sérsviði fagdeildar.

Stofnaðar voru fjórar nýjar landsvæðadeildir. Þær eru deild hjúkrunarfræðinga á Akranesi og nágrenni, á Norðvesturlandi, við Eyjafjörð og í Vestmannaeyjum.

24 fagdeildir í félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga

Félagsmenn, sem annaðhvort búa eða starfa á svæðinu, geta skráð sig í viðkomandi landsvæðadeild. Deildirnar vinna að eflingu og framgangi hjúkrunar hver á sínu landsvæði, veita félagsmönnum fræðslu um hjúkrun og hjúkrunartengd málefni og efla fag- og félagsheild á svæðinu.

Fagdeildir

Landsvæðadeildir

Ráðstefnan Hjúkrun 2017

Ráðstefnan Hjúkrun 2017; Fram í sviðsljósið var haldin á Hilton Reykjavík Nordica dagana 28.-29. september 2017. Ráðstefnan var samstarfsverkefni Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hjúkrunarfræðideilda Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands, Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Alls skráðu sig til þátttöku 230 hjúkrunarfræðingar. Dagskráin var mjög fjölbreytt. Boðið var upp á rúmlega 50 fyrirlestra, 14 vinnusmiðjur og kynnt voru 36 veggspjöld. Ráðstefnan endurspegladi vel fjölbreytt fagsvið hjúkrunar, og sýndu þær rannsóknir, sem kynntar voru, mikla grósku í þróun hjúkrunar á öllum sviðum.

Gestafyrirlesari var dr. Tiny Jaarsma, prófessor í hjúkrun við háskólann í Linköping í Svíþjóð. Hefur hún ásamt kollegum frá Bandaríkjunum og Svíþjóð meðal annars sett fram kenningu



um sjálfsumönnun meðal langveikra einstaklinga. Í fyrirlestri sínum kynnti hún hvernig nota má nýjustu tækni til að auka sjálfsumönnun sjúklinga. Dr. Tiny Jaarsma stýrði einnig vinnusmiðju sem hún kallaði „Sjálfsumönnun og langvarandi veikindi: Hvernig er unnið með sjálfsumönnun í daglegum störfum.“



Rúmlega 50 fyrirlestrar, 14 vinnusmiðjur og 36 veggspjöld

Málþing

Málþing um starfsumhverfi, álag í starfi og laun og kjör hjúkrunarfræðinga var haldið 28. febrúar 2018. Yfir 260 hjúkrunarfræðingar sóttu málþingið auk þess sem rúmlega 70 fylgdust með í streymi á Facebook-síðu félagsins. Heilbrigðisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, ávarpaði þingið.

Á málþinginu voru kynntar niðurstöður skýrslu sem félagið lét gera um viðhorf hjúkrunarfræðinga til starfsins, sagt frá tilraunaverkefni á vegum Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar, rætt var um spurninguna hvort hægt sé að ná þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta í landinu, #metoo-byltinguna svo og kulnun í starfi. Miklar og góðar umræður sköpuðust á þinginu sem stjórn félagsins mun fylgja eftir.



Yfir 260 sóttu þingið og rúmlega 70 fylgdust með streymi



Námskeið

Félagið hefur staðið fyrir ýmsum námskeiðum á starfsárinu. Má þar nefna námskeið um sár og sárameðferð, áhugahvetjandi samtal, kyrrðarjoga og starfslokanámskeið. Auk þess hafa hjúkrunarfræðingar haldið ýmis námskeið fyrir félagsmenn á eigin vegum en fengið sal félagsins sér að kostnaðarlausu gegn því að veita félagsmönnum afslátt af námskeiðsgjaldinu.

Efling geðhjúkrunar

Gefin var út skýrsla sem gerð var í samvinnu fagsviðs og fagdeildar geðhjúkrunarfræðinga um eflingu geðhjúkrunar. Skýrslan var unnin í tengslum við stefnu og aðgerða-áætlun velferðarráðuneytisins í geðheilbrigðismálum.

Í skýrslunni er kynnt mögulegt framlag hjúkrunarfræðinga til eflingar geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi með það að markmiði að opna augu samfélagsins og ráðamanna um bætta þjónustu fyrir skjólstæðinga heilbrigðiskerfisins en þar geta hjúkrunarfræðingar gegnt enn stærra hlutverki. Skýrslan var kynnt heilbrigðisráðherra og sérfræðingi í velferðarráðuneytinu.



#metoo

Hinn 11. janúar 2018 undirritaði formaður Fíh viljayfirlýsingu í kjölfar fundar Vinnueftirlits ríkisins um „*áreitni á vinnustöðum, NEI TAKK!*“. Fundurinn var haldinn til að vekja athygli á mikilvægi þess að efla forvarnir á sviði vinnuverndar með sérstaka áherslu á einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Viljayfirlýsingin var undirrituð af stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðarins, fyrirtækjum, stofnunum og félagsamtökum. Formaður félagsins tók þátt í umræðum #metoo-kvenna á vegum heildarsamtaka launafólks og Kvenréttindafélags Íslands um næstu skref byltingarinnar og mótaðar voru tillögur að aðgerðum og samstarfi við atvinnurekendur og stjórnvöld. Félagið tekur þetta verkefni af festu og hefur verið skipaður vinnuhópur sem í sitja siða- og sáttanefnd og siðaráð sem mun vinna aðgerðaráætlun fyrir félagið.

Við hlustum á þig

Árið 2017 ferðuðust formaður og sviðsstjórar fagsviðs og kjara- og réttindasviðs hjúkrunarfræðinga um landið og hittu hjúkrunarfræðinga að máli. Samtals voru haldnir um 20 fundir, bæði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að undirmönnun og álag í starfi, ófullnægjandi laun og vinnuumhverfi marka sín spor í stéttina en þrátt fyrir það er mikil gróska í hjúkrun í landinu. Unnið var úr þeim fjöldamörgu tillögum sem fram komu frá félagsmönnum á fundunum. Meðal annars kom fram áhugi á að stofna nýjar landsvæðadeildir og fjölga orlofsíbúðum í Reykjavík og á Akureyri auk þess sem kjaramálin brunnu á félagsmönnum og var áberandi umræða um fritökurétt og endurnýjun stofnanasamninga.

Hjúkrunarfræðingar framtíðarinnar

Árlega kynnir Fíh hjúkrunarfræðinimum við háskólana félagið sem þeirra framtíðar fag- og stéttarfélag, auk þess að kynna þeim kosti nemmaðildar. Þar er einnig rætt um starfsumhverfi, menntun, kjör og framtíð hjúkrunar.

Félagið býður nýbrautskráða hjúkrunarfræðinga velkomna í félagið með móttöku í húsnæði félagsins í upphafi haustmisseris ár hvert. Þar hefur nýbrautskráðum hjúkrunarfræðingum gefist tækifæri til að hittast auk þess að kynnast starfsmönnum og húsnæði félagsins.



Kjaramál

Kjara- og stofnanasamningar

Vinna við endurskoðun stofnanasamninga hefur staðið á starfsárinu en miðar hægt.

Mestur þungi hefur verið í viðræðum við Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hjá ríkinu og við Eir, Skjól og Hamra hjá samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV). Viðræðum um sameiginlegan stofnanasamning við stofnanir SFV var slitið. Árangur náðist í vinnu við stofnanasamning með Landspítala þar sem samið var um sérstakt tilraunaverkefni og er markmið þess að draga úr yfirvinnu, stytta vinnuviku og hækka dagvinnulaun. Viðræður við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Eir, Skjól og Hamra ganga mjög hægt. Nokkrar stofnanir eru á upphafsreit í viðræðum um

stofnanasamninga en aðrar hafa ekki verið til viðræðna um slíka endurnýjun. Svar stofnana er að ekki sé hægt að endurnýja stofnanasamninga vegna fjárskorts þar sem ekkert fjármagn fylgdi miðlægum kjarasamningum.

27 stofnanasamningar

Kjarasamningar við Reykjavíkurborg og Samband sveitarfélaga eru algildir samningar, þ.e. í þeim samningum er samið um alla þætti launasetningar hjúkrunarfræðinga. Launasetning hjúkrunarfræðinga í þessum samningum byggist á starfsmati. Gert var starfsmat hjá Reykjavíkurborg á árinu 2016 og stendur nú yfir vinna við sambærilegt starfsmat hjá sveitarfélögunum og er ráðgert að þeirri vinnu ljúki í maí 2018 og ný launasetning samkvæmt matinu taki gildi 1. júní 2018.

5 miðlægir kjarasamningar

Unnið var áfram við innleiðingu á bókun 3 á stofnunum. Sú bókun gengur út á að ríkið veiti ákveðnu fjármagni til þess að styrkja stofnanasamninga þar sem lögð er áhersla á mat á frammistöðu. Landspítali hefur tekið upp frammistöðumat þar sem hjúkrunarfræðingar samkvæmt tilteknum starfslýsingum fá greidda eingreiðslu einu sinni á ári sem byggist á mati yfirmanna á frammistöðu þeirra í starfi. HSU hefur farið sömu leið og Landspítali. Á báðum stofnunum er almenn ánægja með verkefnið þótt vissulega séu á því skiptar skoðanir. Aðrar stofnanir hafa farið þá leið að greiða fjárhæðina sem ætluð er í verkefnið sem eingreiðslu.

Meðaltalsdagvinnulaun hjúkrunarfræðinga eru 548 þúsund

Þjónusta við félagsmenn

Félagsmenn leita til félagsins vegna ýmissa mála sem varða kjör þeirra og réttindi. Þessi mál snúa meðal annars að túlkun kjarasamninga, lífeyrismálum, orlofi, veikindum, álagi í starfi og réttindum vegna uppsagnar í starfi. Oft er hægt að leysa málin fljótt og farsællega þar sem ekki er um mikinn ágreining að ræða eða leysa málið með þátttöku trúnaðarmanna á viðkomandi starfseiningu.

Önnur mál eru flóknari þar sem túlkun félagsins og viðkomandi stofnunar er ólík. Félagið er með lögmann í vinnu sem veitir lögfræðilegt álit, og hefur þeim erindum, þar sem félagið þarf að fá álit hjá lögmanni, fjölgað milli ára.

Á liðnu ári var eitt mál sótt fyrir dómsstólum á vegum félagsins sem snéri að réttindum vegna greiðslna til hjúkrunarfræðinga á almennum markaði í tengslum við starfslok. Það mál vannst í Héraðsdómi Reykjavíkur og var málinu ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Af öðrum verkefnum sviðsins má nefna þá fjölgun sem hefur orðið á erlendum hjúkrunarfræðingum utan ESB sem starfa hér á landi. Til þess að koma til móts við þessa hjúkrunarfræðinga hafa helstu spurningar um kjaramál „spurt og svarað“ verið birtar á ensku á vef félagsins. Fram undan er mikil vinna og undirbúningur á kjarasviði vegna kjarasamninga en gerðardómur, sem félagsmenn voru settir undir árið 2015, gildir til ársins 2019.

Skortur á hjúkrunarfræðingum


Í október 2017 gaf Ríkisendurskoðun út skýrsluna Hjúkrunarfræðingar, mönnun, menntun og starfsumhverfi, en skýrslan tekur á skorti á hjúkrunarfræðingum og áhrifum hans á heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Í skýrslunni leitaðist Ríkisendurskoðun við að kanna umfang og ástæður vandans, og var sérstök áhersla lögð á að skoða hvort og hvernig stjórnvöld hafa brugðist við vandanum. Einnig voru skoðaðar leiðir til úrbóta. Í niðurstöðunum er bent á að móta þurfi stefnu og áætlun

í kjölfar skýrslunnar fylgdi mikil umræða í fjölmiðlum um launakjör og starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga. Þar gætti samhljóms í viðhorfum hagsmunaaðila, s.s. heilbrigðisstofnana og hjúkrunarfræðideilda Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, svo ekki sé minnst á þann samhljóm sem er með niðurstöðum skýrslunnar og skýrslu sem Fíh gaf út í febrúar 2017: *Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa! Vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga.*

eða 19%. Meðalaldur hjúkrunarfræðinga er 46 ár, en um fjórðungur hjúkrunarfræðinga á vinnualdri starfar ekki við hjúkrun í dag.

Starfshlutfall hjúkrunarfræðinga fer minnkandi og er nú að meðaltali 71%. Sé miðað við fjármögnuð stöðugildi á heilbrigðisstofnunum vantar nú hjúkrunarfræðinga til starfa í um það bil 225 stöðugildi eða 290 hjúkrunarfræðinga. Þá er áætluð þörf á hjúkrunarfræðingum samkvæmt mati hjúkrunarforstjóra og framkvæmdastjóra hjúkrunar talsvert meiri og áætla þeir þörfina vera 405 stöðugildi hjúkrunarfræðinga eða 523 hjúkrunarfræðinga miðað við 71% meðalstalsstarfshlutfall. Jafnframt þarf að sporna við frekari brottfalli úr námi í hjúkrunarfræði í háskólum landsins en síðustu fimm ár hefur brottfallið að loknu fyrsta ári í námi verið 18% fram að útskrift. Samkvæmt spá um mönnun á stöðum hjúkrunarfræðinga mun vanta áfram 421 hjúkrunarfræðing til starfa árið 2021 í óbreyttri stöðu í dag.

Hjúkrunarfræðingar með starfsleyfi



vegna stöðu hjúkrunar, efla eftirlitshlutverk Embættis landlæknis og fjölga nemendum í hjúkrunarfræði auk þess sem endurskoða þurfi reiknilíkan háskólanna fyrir hjúkrunarfræðinám.

Í þeirri skýrslu var dregin upp raunsæ mynd af atvinnumarkaði hjúkrunarfræðinga innan hjúkrunar á Íslandi í dag og næstu 5 árin. Undanfarna áratugi hefur skorturinn á hjúkrunarfræðingum til starfa á Íslandi verið um 10-20% og er staðan sambærileg í dag

Þessar haldgóðu upplýsingar hafa verið kynntar helstu ráðamönnum og hefur félagið lýst yfir vilja sínum til að sinna þessum málum frekar og nú þegar unnið að lausnum, því ljóst er að hér þarf samstillt átak margra hagsmunaaðila til að bæta núverandi stöðu.





Könnun á viðhorfum hjúkrunarfræðinga til starfsins, starfsánægju, vinnuumhverfis, aðbúnaðar og líðanar í starfi

Haustið 2017 lét Fih gera könnun meðal hjúkrunarfræðinga á viðhorfum þeirra til starfsins, starfsánægju, vinnuumhverfis, aðbúnaðar og líðanar í starfi. Könnunin náði til 2.908 starfandi hjúkrunarfræðinga, 70 ára og yngri og var svarhlutfallið 74,2%. Óhætt er því að segja að niðurstöðurnar endurspegli vel viðhorf hjúkrunarfræðinga. Helstu niðurstöður voru þær að almennt var starfsánægja hjúkrunarfræðinga mikil (75%) og starfið stóðst væntingar hjá mörgum félagsmönnum (76%), en að sama skapi voru margir svarendur óánægðir með launakjör (70%) og fannst álag í starfi of mikið (64%).

Í könnuninni kom einnig greinilega fram að meiri ánægja er meðal hjúkrunarfræðinga sem vinna dagvinnu en vaktavinnu og svo virðist sem það sé meiri óánægja almennt meðal yngri hjúkrunarfræðinga en þeirra eldri.

Dæmi um þætti sem svarendur töldu jákvæða við að vinna sem hjúkrunarfræðingur: fjölbreytileiki starfsins, það að gera gagn og láta gott af sér leiða, mannleg samskipti, starfa með fólki og að starfið væri gefandi. Aftur á móti töldu svarendur laun, vinnuálag, starfsumhverfi, manneklu, neikvæð viðhorf og erfið samskipti neikvæðustu þættina við það að vinna sem hjúkrunarfræðingur.

Þessar niðurstöður, ásamt skýrslunni um vinnumarkað hjúkrunarfræðinga og skýrslu Ríkisendurskoðunar, eiga eftir að nýtast félaginu vel í frekari baráttu fyrir hjúkrunarfræðinga fyrir bættum kjörum og vinnuumhverfi.

Trúnaðarmenn

Á liðnu ári hélt Fih tvö námskeið fyrir trúnaðarmenn félagsins. Hið fyrra fjallaði um helstu atriði kjarasamninga og var áhersla lögð á upplýsingar fyrir nýja trúnaðarmenn. Síðara námskeiðið var á vegum Margrétar Blöndal hjúkrunarfræðings og fjallaði um kulnun í starfi og úrræði í þeim efnum og var vel sótt. Skráðir trúnaðarmenn félagsins eru um 120. Trúnaðarmenn eru mikilvægir í starfsemi stéttarfélags þar sem þeir tryggja upplýsingaflæði á milli félagsins og félagsmanna auk þess að veita hjúkrunarfræðingum leiðsögn í ýmsum málum. Ekki eru starfandi trúnaðarmenn á öllum stofnunum eða starfsstöðum hjúkrunarfræðinga en unnið er að því að manna þær stöður.

**120 skráðir
trúnaðarmenn**

Orlofsmál

Orlofsmál

Fjölbreytt úrval orlofskosta á árinu 2017 var vel nýtt en 42% félagsmanna nýttu sér einhvern af kostum sjóðsins. Gjafabréf í flug voru vinsælust en þar á eftir kom útleiga á orlofshúsum eða íbúðum.

Félagið er með 8 orlofshús og íbúðir í sinni eigu en að auki voru leigð 14 orlofshús á árinu frá þriðja aðila sem endurleigð voru svo til félagsmanna. Útleigur ársins 2017 voru 1.286 en um 20% félagsmanna tóku sér hús eða íbúð á leigu á árinu og sumir oftari en einu sinni. Yfir sumarmánuðina er nánast 100% nýting á orlofshúsum en yfir vetrarmánuðina eru það helst helgarnar sem eru nýttar. Á veturna eru bústaðirnir í Grímsnesinu vinsælastir sem og íbúðirnar í Reykjavík og á Akureyri.

Punktalaus viðskipti ef bókaðir eru dagar í miðri viku eða með stuttum fyrirvara er aðgerð sem hefur sjáanlega skilað bættri nýtingu orlofshúsa. Í lok árs 2017 var einnig ákveðið að auka niðurgreiðslu á flugmiðum og hótulgistingu og koma þannig til móts við þá sem ekki komast að í orlofshúsum eða íbúðum á vegum sjóðsins.

2.191 selt gjafabréf í flug

Á árinu voru starfsreglur sjóðsins endurskoðaðar. Auk þess voru settar fram og samþykktar vinnureglur stjórnar orlofssjóðs við brotum sjóðfélaga á reglum sjóðsins til að hægt verði að bregðast við brotum með samræmdum hætti, en sem betur fer eru slík brot fátíð og umgengni félagsmanna yfirleitt góð.



Orlofsvefur

Sjóðir

Vísindasjóður

Vísindasjóður skiptist í A- og B-hluta.

A-hluti styrkir endur- og símenntun sjóðsfélaga. B-hluti styrkir rannsóknir og fræðaskrif hjúkrunarfræðinga.

Styrkir úr A-hluta eru greiddir beint til félagsmanna, sem starfa hjá hinu opinbera, í febrúar ár hvert. Að þessu sinni voru greiddir styrkir til 3054 félagsmanna og nam heildarupphæð styrkja 211 milljónum króna. Í B-hluta vísindasjóðs barst 21 umsókn. Veittir voru 18 styrkir að upphæð 12.547.800 kr. Til MS-rannsókna voru veittir sjö styrkir, fimm til doktorsrannsókna og sex til vísindarannsókna hjúkrunarfræðinga.

210 milljónir króna:
heildarupphæð
styrkja úr A-hluta
vísindasjóðs fyrir 2017

Starfsmenntunarsjóður

Starfsmenntunarsjóður veitir styrki til sí- og endurmenntunar hjúkrunarfræðinga í tengslum við störf þeirra á sviði hjúkrunar. Úthlutað er úr sjóðnum fjórum sinnum á ári. Á árinu voru reglur sjóðsins uppfærðar til að kynna betur hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Það sem er nýtt er að nú geta sjóðsfélagar sótt tvisvar um styrk fyrir sömu ráðstefnu erlendis, annað árið fyrir ráðstefnugjaldi og hitt árið fyrir flugfari og gistingu og styttur var tíminn, sem sjóðsfélagar þurfa að hafa verið í sjóðnum til að verða styrkhæfir, úr 12 mánuðum í 6.


Á árinu 2017 voru samþykktar 1046 umsóknir að upphæð 39.531.001 kr.

Styrktarsjóður


Styrktarsjóður veitir félagsmönnum fjárhagsaðstoð í veikinda- og slysatilvikum, styður og eflir félagsmenn vegna endurhæfingar eftir slys eða veikindi auk þess að efla félagsmenn í forvörnum sem varða heilsufar og heilbrigði. Úthlutað er úr sjóðnum sex sinnum á ári en umsóknir um sjúkradagpeninga, fæðingastyrk og útfararstyrk eru afgreiddar mánaðarlega. Hámarksupphæð heilsustyrks var uppfærð á starfsárinu og er hún nú 45 þúsund kr.

Á árinu 2017 voru samþykktar 2019 umsóknir að upphæð 112.021.985 kr. Þetta er umtalsverð fjölgun á umsóknum, um 50% frá árinu áður, og heildarfjárhæð styrkja jókst einnig milli ára, eða um 30%.

Styrkveitingar styrktarsjóðs 2017



Hlutfall félagsmanna á sjúkradagpeningum



Útgáfa


Vefur félagsins fær andlitslyftingu

Nýr og endurbættur vefur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga fór í loftið í byrjun nóvember 2017 en hann tekur mið af nýjustu kröfum um útlit og notendavænleika og lagar sig að ólíkum skjástærðum. Gagnger þarfagreining fór fram í samvinnu við Fúnksjón vefráðgjöf til að bæta aðgengi að þjónustu og upplýsingum til hjúkrunarfræðinga og annarra notenda, en meðal þeirra þátta, sem byggt var á við greininguna, ber helst að nefna umfangsmikla könnun sem framkvæmd var meðal félagsmanna um aðgengi á vefnum, notkun og nauðsynjar.

382 heimsóknir á dag að meðaltali

Vefurinn var unninn í samstarfi við Advania og markmiðið var að smíða einfaldan og notendavænan vef með stórbættu aðgengi að efni. Þetta krafðist gagngerrar yfirferðar að öllu efni, allar síður vefjarins voru skoðaðar með gagnrýnum augum og oft og tíðum endurskrifaðar frá grunni.

Þörfin á snjallvef var orðin aðkallandi, en við uppsetninguna var haft að leiðarljósi að hanna ljósan, aðlaðandi og léttan vef sem leiðir notandann betur áfram en sá fyrri gerði. Bætt efnisleit var líka höfð að leiðarljósi en það er umfangsmikið verkefni sem unnið verður að áfram næsta starfsár. Umsóknareyðublöð eru nú rafræn þar sem því verður komið við, til að mynda er umsókn um aðild í félagið nú á rafrænu formi auk skráningar trúnaðarmanna og afskráningar þeirra.



hjukrun.is

Tímarit hjúkrunarfræðinga

Tímarit hjúkrunarfræðinga tók stakka-skiptum á árinu en tímaritið er nú að hluta til veftímarit. Efni veftímaritsins er uppfært reglulega auk þess sem efni úr tímaritinu verður framvegis gert aðgengilegt á vefnum. Að auki hefur verið unnin umtalsverð vinna í efnisflokkun og leit hefur verið bætt. Sértek leit í tímaritinu er nú til staðar og hefur allt efni frá 2015 og fram til dagsins í dag verið efnisflokkað til að auðvelda efnisleit. Ritrýndar greinar hafa þar sérstöðu en allar ritrýndar greinar aftur til ársins 2010 hafa verið efnisflokkðar. Efni fyrri ára er umfangsmikið og mikil vinna liggur að baki slíkri flokkun. Fyrirhugað er vinna áfram að því að bæta leit í tímaritinu á næsta starfsári.

Gefin voru út tvö prentuð tölublöð á starfsárinu auk sérriðs með greinum frá ráðstefnunni HJÚKRUN 2017.

Árlegur fundur samráðsvettvangs evrópskra ritstjóra (European editors network) var haldinn í húsakynnum félagsins í nóvember 2017. Ritstjórnarnir fjölluðu m.a. um hvernig tímaritin þróast, efnistöð og fyrirhugaðar breytingar á tímaritunum. Á döfinni er að efla enn frekar samvinnuna með greinaskrifum og samanburði á Evrópulöndunum.



Árlegur fundur samráðsvettvangs evrópskra ritstjóra (European editors network) var haldinn í húsakynnum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í nóvember 2017.

Samskiptamiðlar

Á árinu hafa miðlarnir Facebook, Instagram og rafrænt fréttabréf félagsins verið notaðir til að koma upplýsingum á framfæri við félagsmenn. Stöðugt aukin fylgni hefur verið með þessum miðlum félagsins og hafa þeir nýst vel í að koma fréttum áleiðis til félagsmanna. Greinum úr Tímariti hjúkrunarfræðinga hefur einnig verið deilt á Facebook og hafa þær fengið góð viðbrögð. Félagið hefur einnig streymt fundum og var Facebook m.a. notuð til að streyma málþingi félagsins í febrúar sl.

2.989 fylgjendur á facebook

Fíh á Facebook

Erlent samstarf

SSN

Samvinna hjúkrunarfræðinga á Norður-löndum (SSN) er samvinna stéttarfélaga hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndunum sex.

Hlutverk SSN er meðal annars að beina athyglinni að þróun og eiga frumkvæði í málum sem hafa áhrif á hjúkrunarfræðinga og hjúkrun á Norðurlöndum. Til að mynda er staða verklegs náms hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndum nú í skoðun og stefnumótandi verkefni, er varða vinnuafhl hjúkrunarfræðinga og þróun og frumkvæði hjúkrunar innan sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu, eru í vinnslu.

Í október 2017 fór fram ráðstefna í Færeyjum á vegum SSN sem fjallaði um rannsóknir í hjúkrun og innleiðingu þeirra. Næsta ráðstefna verður haldin á Íslandi í september nk. Þar verður fjallað um laun og kjör hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndum.

Formaður Fih og félagsmenn á ICN ráðstefnu í Barcelona í maí 2017.



ICN

Alþjóðaráð hjúkrunarfræðinga (ICN) eru samtök hjúkrunarfélaga í rúmlega 120 löndum.

Annað hvert ár heldur ICN fulltrúaþing og ráðstefnu samtakanna og var það haldið í Barcelona á Spáni sl. vor. Eitt stærsta málið á dagskránni varðaði innflytjendur, flóttafólk og vegalaust fólk innan eigin lands (displaced persons). Þessi hópur stendur frammi fyrir mörgum heilbrigðistengdum vandamálum, en mikilvægt er að vanmeta ekki þátt hjúkrunarfræðinga í málefnum innflytjenda. Næsti fulltrúaþing ICN verður í Singapúr í júní 2019.

EFN

The European Federation of Nurses Associations (EFN) eða Evrópusamtök hjúkrunarfélaga er ráðgefandi vettvangur hjúkrunarfræðinga gagnvart ESB. Með aðild að EFN gefst félaginu kostur á að fylgjast með og hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins (ESB) um hjúkrunarmál í framtíðinni, en stefna ESB í þeim málefnum sem og öðrum hefur bein áhrif á Íslandi vegna EES-samningsins.

Áherslur síðasta starfsárs hafa verið á áframhaldandi vinnu í tengslum við uppfærslu og innleiðingu tilskipunar ESB um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi hjúkrunarfræðinga.

Á árinu var stofnuð sérstök rannsóknarstofnun innan EFN, European Nursing Research Foundation (ENRF), sem hefur það hlutverk m.a. að stuðla að og hvetja til hjúkrunarrannsókna innan landa ESB og í Evrópu og nota þær jafnframt til að hafa áhrif á stefnu ESB. Ísland styður þetta verkefni sem nú hefur verið sett fram til næstu 3 ára.

Vefur EFN

Ályktanir, umsagnir og nefndir

Aðalfundur 2017 ályktaði um fjárveitingar til heilbrigðisþjónustunnar þar sem lýst var yfir þungum áhyggjum af ófullnægjandi fjárveitingum til opinbera heilbrigðiskerfisins en slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilbrigðisþjónustu í landinu. Þar var einnig ályktað um afleiðingar fækkunar starfandi hjúkrunarfræðinga á heilbrigðisstofnunum landsins og skorað á stjórnvöld að grípa strax til aðgerða til að bæta starfsumhverfi og hækka laun hjúkrunarfræðinga.

Á árinu veitti félagið umsagnir um fjölda málefna er tengjast heilbrigðismálum og má finna þær á vefsvæði félagsins undir liðnum útgefið efni. Má þar nefna frumvarp til laga um bann við umskurði drengja, um rafrettur og áfyllingar fyrir þær og um tillögur til þingsályktunar um greiðslupátttöku sjúklinga, um notkun og ræktun lyfjahamps, óháða, faglega staðarvalsgreiningu fyrir nýtt þjóðarsjúkrahús og um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta.

Nefndir og ráð starfsárið 2017-2018

Í **kjörnefnd** sitja Unnur Þormóðsdóttir sem er formaður nefndarinnar, Margrét Tómasdóttir og Ólöf Árnadóttir. Varamaður er Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir. *Hlutverk nefndarinnar er að annast undirbúning og framkvæmd formannskjörs og kosninga til stjórnar félagsins, í nefndir þess og önnur þau störf sem kosið er um. Nefndin tilkynnir um framboðsfrest, veitir framboðum viðtöku og tryggir að unnt sé að manna embætti á vegum félagsins.*

Í **ritnefnd** sitja Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir sem er formaður nefndarinnar, Ásta Thoroddsen, Dórothea Bergs, Margrét Hrönn Svavarsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir, Þorgerður Ragnarsdóttir og Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir. *Hlutverk ritnefndar er að marka ásamt ritstjóra stefnu tímaritsins og annast umsjón með útgáfu þess.*

Í **samninganefndum** sitja Gunnar Helgason sem er formaður nefndanna og Guðbjörg Pálsdóttir en auk þeirra situr í samninganefnd við Reykjavíkurborg Ragnheiður Arnardóttir og í samninganefnd við SFV Elsa Gunnlaugsdóttir. *Samninganefndir annast gerð kjara-samninga við viðsejendur félagsins og þær starfa með kjara- og réttindasviði og trúnaðarmönnum í hverju umdæmi.*

Í **siða- og sáttanefnd** sitja Harpa Þöll Gísladóttir sem er formaður, Ólöf Gunnhildur Ólafsdóttir og Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal. Varamenn eru Hildur Helgadóttir og Jóhanna Valgeirsdóttir. *Siða- og sáttanefnd fjallar um kærumál, sem vísað er til hennar, er varða meint brot félagsmanna á siðareglum félagsins. Hún úrskurðar í málinu og sendir niðurstöður sínar skriflega til málsaðila og formanns félagsins til vitundar og varðveislu.*

Í **siðaráði** sitja Aðalheiður D. Matthíasdóttir sem er formaður, Arnrún Halla Arnórsdóttir, Birna Óskarsdóttir, Guðbjörg Hulda Einarsdóttir, Linda Þórisdóttir og Lovísa Baldursdóttir.

Siðaráð er faglegur farvegur félagsins fyrir siðfræðileg álitamál og er stjórn til ráðgjafar varðandi álit og umsagnir um þau mál.

Í **afmælisnefnd** sitja Steinunn Sigurðardóttir, Aðalbjörg J. Finnbogadóttir, Ásta Möller, Sigprúður Ingimundardóttir og Þorgerður Ragnarsdóttir. *Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa 100 ára afmæli félagsins á næsta ári. Nefndin tók til starfa í byrjun árs 2016 og hefur unnið að skipulagi viðburða sem dreifast yfir árið 2019. Meginhátíðardagskráin fer fram í Hörpu föstudaginn 15. nóvember 2019. Sérstök hátíðanefnd annast þá dagskrá.*

Hátíðanefnd stýra Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir og Margrét I. Hallgrímsson. Aðrir í nefndinni eru Anna Guðríður Gunnarsdóttir, Halla Grétarsdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir og Tryggvi Hjörtur Oddsson.

Kjörin stjórn og stjórnir

Stjórn félagsins geta einungis félagsmenn með fulla aðild skipað. Í stjórn sitja auk formanns sex stjórnarmenn og tveir varamenn.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2017-2018

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Arndís Jónsdóttir *varaformaður*

Díana Dröfn Heiðarsdóttir *gjaldkeri*

Hildur Björk Sigurðardóttir *ritari*

Halla Eiríksdóttir

Helga Bragadóttir

Pura B. Hreinsdóttir

Varamenn

Anna María Þórðardóttir

Guðrún Yrsa Ómarsdóttir

Orlofssjóður

Helga Harðardóttir *formaður*

Anna Lís Baldursdóttir

Guðrún Lovísa Ólafsdóttir

K. Hjördís Leósdóttir

Ólöf Sigurðardóttir

Starfsmenntunarsjóður

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir *formaður*

Birgir Björn Sigurjónsson

Lárus Ögmundsson

Svanhildur Jónsdóttir

Styrktarsjóður

Aðalheiður D. Matthíasdóttir *formaður*

Sigrún Barkardóttir

Svanlaug Guðnadóttir

Varamenn

Bjarnheiður Margrét Ingimundardóttir

Ellen Björnsdóttir

Vísindasjóður

Helga Sif Friðjónsdóttir *formaður*

Brynja Örlygsdóttir

Ingibjörg Hjaltadóttir

Marianne Klinke

Vinnudeilusjóður

Hildur Einarsdóttir *formaður*

Unnur Þormóðsdóttir

Sigríður Ósk Einarsdóttir

Varamenn

Anna Soffía Guðmundsdóttir

Eva Hjörtína Ólafsdóttir

Rannsókn- og vísindasjóður

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Herdís Sveinsdóttir

Sigríður Zoéga

Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Helga Jónsdóttir

Hrund Sch. Thorsteinsson

Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Helga Jónsdóttir

Sigríður Gunnarsdóttir

Steinunn Sigurðardóttir



Starfsmenn Fíh

Starfsmenn skrifstofu

Í byrjun apríl 2018 voru 10 starfsmenn hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga í tæplega 9 stöðugildum. 1. febrúar 2018 hætti Guðrún Andrea Guðmundsdóttir fulltrúi störfum hjá félaginu en við stöðu fulltrúa tók Margrét Rafnsdóttir.

Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu félagsins 1. apríl 2018

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir *sviðsstjóri fagsviðs*

Bjarni Ingvarsson *umsjónamaður eigna orlofssjóðs*

Eva Hjörtína Ólafsdóttir *kjararáðgjafi*

Gunnar Helgason *sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs*

Helga Ólafs *ritstjóri Tímarits hjúkrunarfræðinga*

Herdís Lilja Jónsdóttir *vef- og verkefnastjóri*

Margrét Rafnsdóttir *fulltrúi*

Sólveig Stefánsdóttir *fjármálastjóri*

Steinunn Helga Björnsdóttir *umsjónarmaður sjóða*



Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
540 6400

www.hjukrun.is